

Skyldur sveitarfélaga vegna sérstakrar verndar náttúruminja

*Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúurverndarnefnda
sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa*

Flúðir, 8. nóvember 2018

Svava Pétursdóttir, lögfræðingur
svava.petursdottir@ust.is



Eldra ákvæði um sérstaka vernd

- 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd „...skal forðast röskun eins og kostur er“ umsagnarskylda.
- Lítil árangur af beitingu ákvæðisins.
- Ætlun löggjafans að styrkja ákvæði um sérstaka vernd með nýjum náttúruverndarlögum.

Hvað nýtur sérstakrar verndar? (1)

Vistkerfi:

- Votlendi, stærri stöðuvötn og tjarnir, og sjávarfitjar og leirur
- Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra.



Mynd: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

2. gr. Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því:

- a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,
- b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar,
- c. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum.

3. gr. Verndarmarkmið

c. Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er.

Hvað nýtur sérstakrar verndar: (2)

Jarðminjar:

- Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar
- Fossar og nánasta umhverfi þeirra

3. gr. Verndarmarkmið

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

- 2. mgr. 61. gr. nvl.




Mynd: Umhverfisstofnun

Skrár yfir náttúrufyribæri

- Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrár yfir vistkerfi og jarðminjar aðrar en birkiskóga.
- Skógræktin heldur skrá yfir birkiskóga.
- Stofnanirnar skulu birta skrárnar, auk þess sem þær eru birtar sem viðauki við náttúruminjaskrá.

7. mgr. 61. gr.





Sérstök vernd
náttúrufyrirbæra

serstokvernd.ni.is



Náttúrulegt birki

www.skogur.is

Skyldur sveitarfélaga

Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar nema **brýna nauðsyn** beri til.

Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst **brýnir almannahagsmunir**.

- Skyld að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun.
- Skyld að leita umsagnar UST og viðkomandi NVN, óþarfi ef þessari aðilar hafi veitt umsögn við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.
- Við mat á leyfisumsókn skal m.a. líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og hafa í huga mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

3. og 4. mgr. 61. gr. nvl.



Leyfisveiting

- Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila.
- Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.
- Senda skal Umhverfisstofnun afrit af útgefnum leyfi...

5. og 6. mgr. 61. gr. nvl.

Ákvæði annarra laga

Skipulagslög nr.
123/2010

Í skipulagsáætlun ber að gera grein fyrir þeim svæðum innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Lög um m.á.u.
nr. 106/2000

Hafa framkvæmdir í flokki B og C áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar? Skylda að kanna það sérstaklega skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Takk fyrir mig

Svava Pétursdóttir, lögfræðingur
svava.petursdottir@ust.is

Mynd: Svava Pétursdóttir